

Stjórn Samtakanna '78
Starfsárið 2016 – 2017
11. Fundur

Þann 22. nóvember 2016 var haldinn fundur í húsnæði Samtakanna Suðurgötu 3 klukkan 8:07.

Fundargerð ritaði Benedikt Traustason

Fundinn sátu: María Helga Guðmundsdóttir, formaður - MHG. Unnsteinn Jóhannesson varaformaður.
Benedikt Traustason, gjaldkeri - BT. Með fjarfundarbúnaði voru Guðmunda Smári Veigarsson,
meðstjórnandi og og Kitty Anderson alþjóðafulltrúi.

Forföll boðuðu: Álfur Birkir Bjarnason, meðstjórnandi - ÁBB, Júlía Margrét Einarsdóttir, ritari - JME.
Sigríður Valdimarsdóttir - SV, áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs.

Fundur settur 8:07

1. Ráðning framkvæmdastýris

Rætt var um hæfni umsækjenda og voru þær umræður færðar í trúnaðarbók. Samþykkt var að fela MHG umboð til þess að bjóða umsækjanda starfið.

2. Aðfangadagur á Suðurgötu 3

Guðmunda lagði til að á aðfangadagskvöld yrði haldið opið hús eða samkoma á Suðurgötu 3. Yrði hún hugsuð fyrir hinsegin fólk sem hefur ekki samastað um jólin eða þarf öruggara rými á þessum degi þar sem tekið yrði tillit til t.d. mismunandi kyns, trúar, kynhneigðar eða kyngervis. Boðið yrði upp á mat og mætti fólk koma með sínar veitingar. Yrði kvöldið áfgengislaust og viðburðurinn auglýstur á íslensku og ensku. Samþykkt var að leggja drög að skipulagi fyrir daginn.

3. Málefni hælisleitenda

Rædd voru málefni hælisleitenda. Umræður voru færðar í trúnaðarbók.

Fundi slitið kl. 8:40